

þar sem honum hefir eigi verið sagt upp, þá litur rétturinn svo á, að sýkna beri verjanda af kröfum sækjanda um hækkun hins árlega endurgjalds fyrir leigulóð verjanda á verzlunarlóð Hólmavíkur.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður hér fyrir rétti falli niður.

Dráttur sá, er orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af öðrum embættisönnum dómarsins.

Því dæmist rétt vera:

Verjandi, Verzlunarfélag Steingrímsfjarðar (nú Kaupfélag Steingrímsfjarðar), skal vera sýkn af kröfum sækjanda, eigenda verzlunarlóðarinnar í Hólmavík, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 29. nóvember 1940.

Nr. 129/1939. H/f Shell á Íslandi (Jón Ásbjörnsson)  
gegn

**Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar**  
f. h. bæjarsjóðs (Lárus Jóhannesson).

Útsvarsmál.

**Dómur hæstaréttar.**

Hinn áfrýjaða úrskurð hefir uppkveðið Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti í Seyðisfjarðarkaupstað.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. desember f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og neitað verði um framgang lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í hér-aði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Shell á Íslandi, greiði stefnda, bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Seyðisfjarðar 14. nóv. 1939.

Við síðustu aðalniðurjöfnun hér í kaupstaðnum lagði niðurjöfnunarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar útsvar á h. f. Shell á Íslandi, útibúið á Seyðisfirði, fjárhæð kr. 1235.00, en þar eð h. f. Shell á Íslandi telur verzlun sína hér á Seyðisfirði ekki útsvarsskylda, hefir það neitað að greiða útsvarið, og hefir því verið krafizt lögtaks fyrir því.

Útsvarsundnanþáguna virðist gerðarþoli byggja á því, að hér sé um umboðssölu að ræða, sem ekki sé útsvarsskyld. Tilvitnun í úrskurð ríkisskattanefndar skiptir ekki máli, þar eð úrskurður um útsvarsskyldu heyrir undir úrskurð dómstóla.

Það er upplýst, að gerðarþoli hefir hér bryggjuafnot og lóð á leigu, sem hann greiðir fyrir 400 krónur á ári hverju. Á lóð þessari hefir hann látið reisa oliugeyma og geymsluport, þar sem vörubirgðir hans til hvers tíma munu vera geymdar.

Með samningi við Fisksölufélag Seyðisfjarðar, dags. í júní 1937, rskj. nr. 4, tókst nefnt Fisksölufélag á hendur að annast verzlun gerðarþola hér á Seyðisfirði. Samkvæmt samningi þessum skuldbindur Fisksölufélagið sig til þess að selja fyrir gerðarþola allar þær benzin- og oliutegundir, sem hann hefir til sölu hér á landi eða kann að senda félaginu til sölu. Þá skal og Fisksölufélagið hafa umsjón með eða annast sölu frá benzindælu, sem gerðarþoli hefir sett upp á Seyðisfirði. Vörur, sem gerðarþoli sendir hing-

að, eru í gæzlu og ábyrgð Fisksölufélagsins, en það ber þó ekki ábyrgð á skemmdum, sem orsakast kunna af ástæðum, sem Fisksölufélaginu eru óviðráðanlegar. Fisksölufélaginu er skylt að sjá um, að afgreiðsla á vörunum til kaupenda gangi eins fljótt og kostur er á. Allt það fé, sem það greiðir úr eigin vasa í þessu skyni, endurgreiðir gerðarþoli að svo miklu leyti, sem hann telur útgjöldin vera nauðsynleg. Ennfremur greiðir gerðarþoli uppskipun á olíum, hafnargjöld, útskipun á tómtunum, simskeyti og simakostnað, aðkeypta keyrslu, svo og allar nótuþækur, skrifstofubækur og ritföng. Fisksölufélaginu er óheimilt að lána vörur gerðarþola, nema með sérstöku samþykki hans, enda ber Fisksölufélagið ábyrgð á útistandandi skuldum, sem kynnu að myndast við verzlunina. Sérstakt bókhald skal haldið yfir allt, sem selt er fyrir gerðarþola, og allir peningar, sem inn koma fyrir vörur hans, skal láta í sérstakan kassa og leggja þá daglega inn á banka á nafn h. f. Shell á Íslandi. Ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði skal gefa skilagrein um söluna. Þá skal Fisksölufélagið halda aðgreindum öllum vörum gerðarþola og gæta þess, að þær blandist á engan hátt saman við eignir Fisksölufélagsins. Tryggingu, að fjárhæð kr. 5000.00, er gerðarþoli tekur gilda, skal Fisksölufélagið setja honum. Laun Fisksölufélagsins eru ákveðin í samningnum viss krónutala af hverju tonni af hreinolíu og hráolíu, sem selst, viss auratala af hverjum benzínlítra og tiltekið hundr- aðsgjald af andvirði seldrar smurningsolíu.

Ekki er upplýst, að sölustarfsemi gerðarþola hafi verið með öðrum hætti en að framan er lýst samkvæmt samningum, réttarskjali nr. 4.

Það verður nú að líta svo á, að verzlunarrekstur gerðarþola á Seyðisfirði, er rekinn hefir verið með þeim hætti, er hér hefir verið lýst, sé útsvarsskyldur hér samkvæmt lögum nr. 106 frá 1936, 8. gr. 2. mgr. a-lið, sbr. og hér við dóm hæstaréttar í hliðstæðu tilviki, sjá Dómasafn 1929, bls. 1099.

Á því hið umbeðna lögtak að ná fram að ganga samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Umbeðið lögtak á fram að fara.